

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 1335 — 724. mál.
2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlagalaga fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (WÞÞ, HarB, IngS, BirgÞ, BLG, NTF, PállM, SPÁ).

Við 3. gr.

1. Við lið 7.33 bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimildin verður ekki nýtt nema frumvarp til laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru verði samþykkt á Alþingi.
2. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
7.34 Að veita allt að 1.150 millj. kr. framlag til Kríu, sem er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins, sem fjárfestir í sérhæfðum sjóðum sem hafa þann tilgang að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.